


EYJAFRÉTTIR

50 Ára
1974 - 2024



8 Heilsuefling í Eyjum

tbl. **11**
51. árg
13.06
2024
kr. 890



6 Sjómannadagurinn



5 Lagðir af stað



10 Útskriftir



Hagsmunir Vestmannaeyja hljóti að vega þyngra

ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

„Vestmannaeyjabær telur um 4.600 íbúa og hefur í áraraðir verið ein mikilvægasta verstöð landsins. Svæðið sem um ræðir, úti fyrir Landeyjahöfn hefur að geyma innviði sem eru ómissandi líflínur samfélagsins í Vestmannaeyjum. Um er að ræða allt rafmagn, neysluvatn og samgönguhöfn heimamanna,“ segir í umsögn Vestmannaeyjabæjar um umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar efnisvinnslu þýska fyrirtækisins Heidelbergcement pozzolanic materials í sjó úti fyrir Landeyjahöfn.

„Það er ljóst að ef skemmdir

verða á einhverjum þessara innviða eða ef rekstur þeirra raskast mun kostnaður vegna lagfæringa vera gríðarlegur og afleiðingar mjög alvarlegar fyrir helstu stöðir samfélagsins t.d. húsnæði, atvinnulíf, orkuöryggi og samgöngur.“

Umsögnin var til umræðu í síðasta fundi bæjarráðs. Í henni kemur fram að Vestmannaeyjabær telur að hagsmunir samfélagsins og sjávarútvegs á Íslandi, sem óvissa og áhætta ríkir um vegna ófyrirséðra og óafturkræfra áhrifa fyrirhugaðrar framkvæmdar, hljóti að vega þyngra en ósk fyrirtækis um námugróft á einu mikilvægasta hrygningarsvæði Íslandsmíða.

Allt að 80 milljónir rúmmetra Umsögnin er mjög ítarleg og í sama anda og skýrsla Hafró um fyrirhugaða dælingu. Þar

er eindregið varað við röskun á sjávarbotni við Landeyjahöfn. Þar segir m.a. að til standi að vinna allt að 65 milljónir til 80 milljónir rúmmetra af efni á efnistökusvæðinu á um 30 ára tímabili og miðað við að árlega séu allt að 2 milljónir rúmmetra fjarlægðir. „Efnistakan mun fara fram á sanddæluskipi sem dælir efni af hafsbotni. Beita á yfirborðsdælingu en aðferðin byggir á að dælurör er dregið við botninn og efsta lagi botnsins flett ofan af efni sem dýpra liggur. HPM áætla að landa allt að 21 sinnum í viku en einhver breytileiki verður á tíðni löndunar m.t.t. árstíma. Hluti af efninu verður malað í mölunarverksmiðju í Keflavík vestan við Þorlákshöfn, en hluti þess fluttur beint erlendis. Tilgangurinn með því að afla efnisins er að nota það sem

íblöndunarefni (íauka) í sement. Einnig á að taka efni af landi í sama tilgangi, en það er ekki til umfjöllunar hér. Svæðið sem HPM stefnir á að raska er alfarið undir eignarhaldi íslenska ríkisins, þ.e. utan netlaga,“ segir í skýrslu Hafró.

„Komi til þess að leyfi fyrir framkvæmdinni verði veitt telur Hafrannsóknastofnun að hætta sé á neikvæðum umhverfisáhrifum á nytjastofna sjávar og á setflutninga. Þá fylgir einnig aukin hætta á strandrofi komi til framkvæmdarinnar. Bendir stofnunin á að nálgast skuli auðlindir þjóðarinnar út frá varúðarnálgun þar sem sjálfbærni er lykilþáttur,“ eru lokaorð skýrslunnar þar sem öll tvímæli eru tekin af um að dæling á þessu svæði er á engan hátt verjandi.

EYJAFRÉTTIR

Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annað er óheimilt nema heimilda sé getið.

Útgefandi: Eyjasýn ehf. - kt. 480278-0549

Ægissgötu 2 - 900 Vestmannaeyjum.

Ritstjórn og ábyrgð: Ómar Garðarsson og Tryggvi Már Sæmundsson - omar@eyjafrettir.is - tryggvi@eyjafrettir.is.

Umbrot: Leturstofa Vestmannaeyjum ehf.

Ljósmyndir: Błaðamenn Eyjafréttar.

Prentun: Stafræna Prentsmiðjan ehf.

Sími: 481 1300

Netfang: frettir@eyjafrettir.is.

Auglýsingar: auglysingar@eyjafrettir.is

Veffang: www.eyjafrettir.is

EYJAFRÉTTIR er áskriftarblað.



Útimálning fyrir íslenskt veðurfar

Steinvari er öflug varnarlína gegn íslensku veðri, afrakstur þrotlausra rannsókna og þróunar í áratugi. Láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við val á útimálningu.

Steinvari – íslensk varnarlína í útimálningu

Á AÐ **HJÓLA** Í SUMAR?



Úrval af **TREK**
barna- og fullorðinshjólum



MIÐSTÖÐIN

Strandvegur 30 / 481 1475 / www.midstodin.is / midstodin@midstodin.is



ÞÚ FÆRÐ FRÁBÆRU VERKFÆRIN FRÁ
Milwaukee
HJÁ OKKUR!

SKIPALYFTAN EHF.
VESTMANNAEYJUM

www.skipalyftan.is // 488 3550

Björgvinsbelti bjargar lífi

Sjómannadagsráð Vestmannaeyja sæmdi Hlyn Má Jónsson á Lundanum, heiðursskildi fyrir hetjulega björgun sjómanns úr höfninni í Vestmannaeyjum þann 27. febrúar sl.

Málsatvik voru þau að Hlynur er að skutla tveimur af Kap II VE um borð. Annar fer strax um borð en hinn er í smá spjalli í bílnum hjá Hlyni. Sá fer síðan og röltir upp landganginn sem var illa eða ekki festur við skipið.

Þegar hann er kominn langt leiðina um borð teygir félagi hans, sem var um borð, sig í hann en fellur við og steypist með höfuðið á undan milli skips og bryggju. Hlynur sér þetta útundan sér en hann var að snúa bílnum við. Hann bregður skjótt við og hleypur til.

Sá sem var í landgangnum fraus alveg og gat ekki gert neitt. Hlynur ætlar að þríla niður til mannsins en hættir við sem betur fer. Hann fer um borð og finnur færi á belg sem hann kastar til mannsins sem er með meðvitund allan tímann. Maðurinn nær taki á færinu og vefur honum um hendina.

Nú nær Hlynur að hringja í 112 og tilkynna slysið. Viðbragðsaðilar voru fljótir á vettvang að sögn Hlyns og hann hrósar þeim í hástert. Tveir lögreglumenn komu fyrstir og síðan fólk úr björgunarsveitinni og slökkviliðinu. Lögreglan er með Björgvinsbelti í bílnum sem þeir notuðu til að ná manninum úr sjónum. Maðurinn hafði kramist að minnsta kosti þrisvar sinnum á milli skips og bryggju áður en honum var bjargað.

Fullt nafn: Hlynur Már Jónsson.
Fjölskylda: Foreldrar eru Aldís Atladóttir og Jón Ingi Guðjónsson. Giftur Huldu Sif Þórisdóttir og börn eru Bjartur Leó Hlynsson, Elín Sif Hlynisdóttir og Jökull Már Hlynsson.

Hefur þú búið annarsstaðar en í Eyjum: Já, í Reykjavík en það er ekki staður fyrir mig, hreinræktaðan Eyjamann.



Gísli Matthías formaður Sjómannadagsráðs, Hlynur Már og Ríkhartur Stefánsson í Sjómannadagsráði við afhendinguna. Mynd Óskar Pétur.

Mottó: Þetta reddast.

Síðasta hámhörfið: Castle.

Uppáhalds hlaðvarp: Ekki klárað hlustun á eitt.

Uppáhalds kvikmynd: Gone in 60 seconds.

Aðaláhugamál: Vinnan, (halda alvöru party).

Hver er þinn helsti kostur:

Þrjóskur, (konan er að ég held ekki sammála um að þetta sé kostur).

Eitthvað sem þú gerir á hverjum degi sem þú gætir ekki verið án:

Fá mér kaffi & Redbull.

Hvað óttast þú mest: Að þetta reddist ekki.

Hvaða tónlist kemur þér í gott skap: Það fer alveg eftir tíma dags og hvaða dagur vikunar er.

Hvaða ráð myndir þú gefa 18 ára þér sem veganesti inn í lífið: Ekki bíða eftir að lífið sem þú vilt komi til þín. Byrjaðu að móta og þróa

lífið strax, prófaðu að rekast á vegg aftur og aftur og aftur og svo reddast allt.

Hvað er velgengni fyrir þér: Aldrei gefast upp.

Hvar sérðu sjálfan þig eftir 20 ár:

Að horfa í spegil og hugsa: Vá! Er ég búinn að framkvæma og gera svona mikið? Segi svo við sjálfan mig og ykkur öll, þetta reddaðist.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á: Heimaey.

Nú lentir þú mikilli lífsreynslu að bjarga manni í nauð. Hvað tekur þú út úr því?

Lífið er svo dýrmætt!! Njóttu þess, við vitum aldrei hvenær slys verða og því getur lokið á einu augnabliki.

Nú varstu sæmdur heiðursskildi Sjómannadagsráðs Vestmannaeyja. Kom það þér á óvart? Já, og

nei ég vissi að ég fengi blóm og smá medalíu, (Ríkki vinur minn sagði mér frá því). En þetta var mun stærra og meira en ég gerði mér grein fyrir. Ég er gríðalega ánægður og svo stoltur af því að brugðist var við mínum skoðunum um hvað betur má fara við svona aðstæður, þegar slys verður. Kom því vel á framfæri að mér finnst. **Hvað er framundan hjá þér í sumar?** Þjónusta skemmtanaþyrsta Eyjamenn og -konur og svo er auðvitað hápunktur ársins sem er að skipuleggja langbesta Lundaparty ársins, Þjóðhátíð 2024.

Eitthvað að lokum: Björgvinsbelti bjarga lífum og verum rosalega stolt af okkar viðbragðsteymi sem sinnir okkar eyju þegar slys verða, þið eruð frábær öllsömul. Þvílíkir fagmenn hver á sínu sviði.

Fjarstýrðu kafbátarnir lagðir af stað:

Framundan er 3000 km leiðangur

≡ Tækifæri fyrir Vestmannaeyjar ≡ Gætu hugsanlega nýst við fiskleit

ÓMAR GARÐARSSON
omar@eyjafrettir.is

Núna eru Vestmannaeyjar miðstöð umfangsmikilla rannsókna í hafinu suður af Eyjum. Notaðir eru tveir fjarstýrðir kafbátar hlaðnir hátæknibúnaði sem taka margskonar sýni úr sjónum og greina þau um leið. Sá fyrri var sjósettur á laugardaginn og sá seinni á þriðjudaginn. Héðan halda þeir til Færeyja til móts við breskt rannsóknaskip þaðan sem þeir leggja upp í leiðangur suðureftir Atlantshafinu. Leiðangrinum lýkur á Harris eyju í Skotlandi og þá hafa bátarnir lagt 3000 km að baki á einni og sömu rafhlöðunni.

„Þetta hefur verið í deiglu á tvö ár en upphafið var að Breska hafrannsóknarstofnunin hafið samband við Háskóla Íslands sem vísaði á Vestmannaeyjar. Bretarnir töluðu svo við okkur,“ sagði Hörður Baldvinsson, framkvæmdastjóri Þekkingarseturs Vestmannaeyja. „Ég sagði að Vestmannaeyjar væru langsbesti staðurinn, öflugt bæjarfélag við andyri alls Norður Atlantshafsins. Mikil tækniþekking og reynsla til staðar og á hverju strái eldklárir rafvirkjar og tæknimenn. Alltaf til þjónustu reiðubúnir komi eitthvað upp á. Ég sendi þeim skýrslu og síðasta haust komu Ed Chaney og Peter Lambert frá Bretlandi og leist vel á. Bátarnir eru komnir og farnir og þeim fylgdu fimm vísindamenn til að setja bátana saman og sjá um að allt væri í lagi.“

Drónar hafsins

Á laugardaginn var óvenju mikil umferð um Vestmannaeyjahöfn, m.a. fjögur skemmtiferðaskip en hún truflaði ekki prófanir. Fyrri báturinn er sennilega kominn langleiðina til Færeyja og sá seinni siglir í kjölfarið. „Hann byrjaði á rannsóknaleiðangri við Eyjar sem á eftir að gagnast okkur, t.d. til að kanna rauðátuna sem gæti orðið mikill happafengur fyrir okkur Eyjamenn. Héðan siglir hann eftir djúpkantinum til Færeyja. Þeir greina seltu, steinefni, kolefni og fleiri efni í hafinu. Líka hita sjávar, strauma og rafleiðni sem gagnast þegar ástandið í hafinu er metið.“



Mikið líf var í höfninni þegar fyrri báturinn var sjósettur á laugardaginn. Myndir Óskar Pétur.

Hörður sér fyrir sér frekara samstarf í framtíðinni. Auk Setursins og Vestmannaeyjabæjar eru HÍ og Hafrannsóknastofnun samstarfsaðilar hér á landi. „Í svona gríðarlega flóknu verkefni vinna margar stofnanir saman. Má nefna Fiskistofu, Landhelgisgæslu Íslands og Háskólann í Southhamton og Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi. Þjónusta í Vestmannaeyjum nýtur góðs af og þetta rímar við það sem við erum að gera hér á Setrinu. Auk þess opnast tækifæri fyrir tæknifyrirtæki að eflast með flóknari verkefnum,“ sagði Hörður sem vill horfa lengra.

„Bátarnir geta með réttum búnaði fundið fiskitorfur. Er þetta ekki möguleiki fyrir okkur í fiskileit? Að senda kafbáta til að leita að loðnu, síld og svo ég tali ekki um makrílinn hér við land sem þyrfti að rannsaka mun betur. Bátarnir eru drónar hafdjúpanna og gætu farið um miðin og gefið upplýsingar hvar torfur er að finna. Þeir kosta örugglega sitt en rekstrarkostnaðurinn er ekki nema lítið brot af því að senda út skip með fullri áhöfn. Og hversu umhverfisvænt yrði þetta?“, sagði Hörður.




Kafbátarnir eru undratæki sem eiga fyrir höndum 3000 km rannsóknarleiðangur.



Margir komu að verki þegar bátarnir voru sjósettir.

MYNDIR FRÁ SJÓMANNADEGI



Birta Sól Sæþórsdóttir barnabarn Árnýjar Heiðarsdóttur vann koddaslag kvenna í ár. Árný var fyrsta konan í Eyjum sem tók þátt í koddaslag í Eyjum ásamt Emillíu Fannbergsdóttur, þá 15 ára. Nú fetar Birta Sól í fótspor ömmu sinnar.



Sigurvegarrar í dorgveiðikeppni SjÓVE. F.h. Andrea Ósk Jónsdóttir, Þórlaug Jenný Ágústsdóttir og Árni Kristinn Guðjónsson.



Skötuveislan á Sælandi hjá Halla Rögg stóð undir nafni. Ríkki Stefáns hafði veg og vanda að matseldinni. Slegið er á léttu strengi og drykkir að eigin vali með matnum. Ríkki, Stefán, Óðinn og séra Guðmundur.

SAMANTEKT:
ÓMAR GARÐARSSON

MYNDIR:
**ÓSKAR PÉTUR
FRÍÐRIKSSON**



Séra Guðmundur Örn Jónsson predikaði í Sjómannamessumni þar sem Drengjakór Reykjavíkur, Karlakór Vestmannaeyja og Kór Landakirkju sáu um söng. Aðsókn var mjög góð. Á eftir stýrði Guðni Hjámarsson, forstöðumaður Hvítasunnusafnaðarins, athöfn þar sem minnst var drukknadra og hrapaðara. Einn hrapaði á síðasta ári, Ólafur Guðjónsson sem hrapaði í Ystakletti í júlí sl.



Eykyndilskonurnar Bára Magnúsdóttir og Guðfinna Sveinsdóttir lögðu blómakransinn að minnisvarða um hrapaða og drukknada.



Slysavarnadeildin Eykyndill fagnar 90 ára afmæli á þessu ári. Hefðbundið kaffi var í AKÓGES þar sem í boði voru hnallþórir af bestu gerð og fleira góðgæti.



Að venju voru sjómenn sem látið hafa af störfum heiðraðir á hátíð Sjómannadagsins á Stakkó sem Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambands Íslands stýrði. Þeir sem heiðraðir voru eru Björgvin Þór Björgvinsson sjómaður, Sigurður Vignisson vélstjóri og Guðmundur Guðlaugsson skipstjóri. Hlynur Már Jónsson fékk sérstaka viðurkenningu fyrir frækilega björgun í Vestmannaeyjahöfn. Hér eru þeir ásamt Sjómannadagsráði.

Góð heilsa ekki sjálfgefin

Lífsstíll og heilsuefning hafa áhrif ≡ Bætt heilsa og andleg líðan

**TRYGGVI MÁR
SÆMUNDSSON**
tryggvi@eyjafrettir.is

Í fimm ár hefur Eyjamönnum 60 ára og eldri boðist að taka þátt í heilsuefningarverkefni-
nu, Fjölpætt heilsuefning 65+ í Vestmannaeyjum á vegum Janusar heilsuefningar sem hefur sérhæft sig í heilsuefningu 60 ára og eldri. Að baki liggja niðurstöður doktorsrannsóknar Janusar Guðlaugs-sonar. Markmiðið er að koma til móts við fólk sem vill efla heilsu sína og lífsgæði þrátt fyrir hækkandi aldur.

„Verkefnið Fjölpætt heilsuefning 65+ í Vestmannaeyjum, leið að farsælum efri árum var innleitt í Eyjum í samvinnu við sveitarfélagið haustið 2019. Um leið buðum við starfsfólki Hraunbúða upp á aðstoð fyrir bæði íbúa og fólk í dagdvöl. Gengur samvinnan einstaklega vel. Nálgun þeirra er sambærileg okkar. Við notum mest teygjur fyrir styrktarþjálfun og létt lóð auk þess sem við nýtum gangana til daglegrar hreyfingar,“ segir Janus sem er ánægður með samstarfið við Vestmannaeyjabæ.



Jóhanna og Guðbjörg Hrönn undir handleiðslu Gísla og Janusar.

Í upphafi voru þátttakendur um 80 og sú tala hefur haldist nokkurn veginn. „Mest voru 120 hjá okkur en markmiðið er að gera þau fær um að sinna eigin heilsu og velferð. Um leið styðja þau í athöfnum daglegs lífs og að þau geti búið lengur heima. Þetta

rímar vel við sýn sveitarfélagsins. Hagnaðurinn er beggja, bætt lífsgæði, vellíðan og betri heilsa eldri íbúa. Um leið verða útgjöld sveitarfélagsins minni. Verkefnið er því ávinningur fyrir báða aðila og skynsamleg fjárfesting beggja. Rétt er að geta þess að við erum einstaklega heppin með okkar heilsuþjálfara og leiðtoga í Eyjum sem er undir dyggri stjórn Ólu Heiðu,“ segir Janus.

Auka þekkingu og hæfni



Í dag eru þátttakendur um 100 auk 10 til 15 á Hraunbúðum. „Við komum til með að taka inn nýja þátttakendur. Nokkrir hafa verið með frá upphafi og við erum með einstakar niðurstöður úr mælingum á efnaskiptavillu sem er áhættuþáttur hjarta- og æðasjúkdóma. Það gerum við í samvinnu við heilsuefndandi móttöku 60+ á

Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Vestmannaeyjum (HSU).“

Spurður út á hvað verkefnið gangi segir hann að það hafi bæði skammtíma og langtíma markmið. „Skammtíamarkmiðin eru að bæta heilsu, velferð, styrk og þol, daglega næringu, hreyfifærni og líðleika. Líka að viðhalda eða bæta vöðvamassa sem er eitt af okkar lykilatriðum. Langtíma markmið er að fólkið geti bjargað sér sem lengst. Stuðla að aukinni þekkingu í gegnum einstaklingsmiðaða þjálfun og fræðsluerindi. Í þeim setjum við fram helstu hugðarefni fyrir eldri borgara eins og lyf og næringu, jafnvægi, daglegt mataræði, sykursýkio.fl.“

Reglulegar mælingar

Nú gerið þið reglulegar mælingar á þátttakendum, hvað mælið þið? „Við erum með viðamiklar



mælingar á sex mánaða fresti. Mælum blóðþrýsting, líkamssamsetningu eins og vöðva-, fitumassa og vökvamagn líkamans. Við mælum einnig hæð og þyngd, styrk og þol auk liðleika og hreyfigetu. Þá mælum við lífsgæði og mat fólks á eigin heilsu eftir alþjóðlegum spurningalista. Í samvinnu við HSU mælum við efnaskiptavillu en það er áhættuþáttur hjarta- og æðasjúkdóma sem samanstendur af fimm breytum, góða kólesterólinu (HDL), blóðfitu (þríglýseríð), blóðsykri (glúkósa), blóðþrýstingi og ummáli mittis.

Nýlega tókum við saman niðurstöður mælinga á efnaskiptavillu hjá 21 þátttakanda frá árinu 2019 sem hafa tekið þátt í öllum fjórum mælingum árin 2019 til 2024. Séu niðurstöður að þrjár, fjórar eða fimm mælibreytur séu undir eða yfir ákveðnum mörkum, sem heilbrigðisyfirlöf, Alþjóðlegu kólestersamtökin setja er viðkomandi í áttfalt meiri áhættu að fá einkenni hjarta- og æðasjúkdóma en sá sem er með allar breytur í lagi.“

Einstakur árangur

Janus segir að í byrjun hafi verið tekið á lífsstíl þátttakenda, bæði hvað varðar daglega hreyfingu, styrktarþjálfun a.m.k. tvisvar sinnum í viku og ekki síður að huga betur að næringunni. „Í ljós kom að alltof margir voru með efnaskiptavillu eða 14 af 21 þátttakanda, eða 67%. Það breyttist ekki mikið fyrsta árið enda tekur tíma að breyta áralöngum venjum og Covid-19 setti strik í reikninginn. Þegar við mældum í byrjun þessa árs 2024 sáum við loks ávinninginn. Rúmlega helmingur komnir úr áhættu og talan komin niður í 29% sem er einstakur árangur. Hér liggur sparnaðurinn fyrir samfélagið, því hver hjartaaðgerð er dýr fyrir utan það að einstaklingarnir öðlast bætt lífsgæði þrátt fyrir hækkanði aldur. Góð heilsa sprettur ekki upp af sjálfum sér.“

Bætt lífsgæði

Janus segir að þau sjái einnig bætt lífsgæði hópsins. „Árið 2021 tókum við saman stöðu 850 þátttakenda, frá Eyjum og víðar. Sáum að þátttakendur höfðu bætt sig jafnt og þétt yfir tveggja ára tímabil eða um 15 stig að jafnaði. Tilgáta okkar er sú að þessi 15 stig megi e.t.v. yfirfæra í aukin 15 ár í sjálfstæðri búsetu. Slíkur getur ávinningurinn orðið.“

Hversu margir starfa við þetta hér í Eyjum?

„Við erum með einn verkefnastjóra, Ólöfu Aðalheiði Elíasdóttur (Ólu Heiðu), sem heldur utan um verkefnið. Henni til aðstoðar eru þrír til fjórir heilsupjálfarar og kunnum við þeim öllum bestu þakkir fyrir sem og eigendum Litla-Hressó. Hjá þeim stundum við styrktarþjálfunaræfingar reglubundið og höfum gert frá upphafi.“

Janusarverkefnið er á gangi víða um land og er Vestmannaeyjabær meðal sveitarfélaga kemur að því og niðurgreiðir myndarlega. „Hvetjum við auðvitað alla til þátttöku. Viðamiklar mælingar og rannsóknir okkar sýna bæði líkamlegan, andlegan og félagslegan ávinning. Það er í raun ekki hægt að óska sér betri niðurstöður með hækkanði aldri. Þessi hópur er ekki vanur að stunda markvissa heilsurækt eða fara reglubundið í ræktina og því ekki vanur að greiða fyrir sína heilsuefingu. Til að geta rekið starfsemi af þessum toga þá þurfa margir þættir að ganga upp, bæði skilningur þátttakenda á mikilvægi heilsuefingar sem og skilningur stjórnvalda á hlutverki sínu um að sinna heilsutengdum forvörnum. Á þann hátt má ná markmiði laganna; að gera fólki kleift að búa lengur í sjálfstæðri búsetu.“

Styttu af Ólu Heiðu

Að endingu vill Janus koma á framfæri innilegum kveðjum til bærarstjórnar Vestmannaeyja og þakklæti fyrir það traust að fá að leiða verkefnið hér í Eyjum. „Þá viljum við þakka HSU kærlega fyrir samstarfið. Það hefur verið einstaklega ánægjulegt að vinna með sérfræðingum stofnunarinnar og ekki síður að sjá jákvæðar breytingar á heilsu þátttakenda. Það er einnig ánægjulegt að fá þær fréttir að dregið hafi úr álagi á HSU hvað þennan aldurshóp varðar vegna samræmdra aðgerða í fyrirbyggjandi heilsuefingu. Þá viljum við þakka þátttakendum fyrir samvinnuna. Þeir eru og hafa verið EINSTAKIR og tilfinning mín fyrir Eyjum og tengsl við þátttakendur er eitthvað sem ég á eftir að geyma í huga mér til æviloka. Þá vil ég að síðustu þakka heilsupjálfurum fyrir frábært samstarf sem af er og að öðrum ólöstuðum þá sting ég upp á að gerð verði stytta af Ólu Heiðu í miðbænum eins og Gústa Guðsmanni á Siglufirði.“



Þjálfarateymið, Janus, Óla Heiða og Gísli.

Hreyfing þrjátíu mínútur á dag

Ólöf Aðalheiður Elíasdóttir, Óla Heiða, er heilsupjálfi og leiðtogi í Janusar-verkefninu í Eyjum. „Ég fylgdist með Janusi meðan hann var að vinna að doktorsrannsókn sinni um þjálfun eldra fólks, styrktarþjálfun og þolþjálfun. Hafði samband við hann og vildi svo vel til að Þór Vilhjálmsson, formaður Félags eldri borgara í Vestmannaeyjum var búinn að hafa samband við Janus og biðja um kynningu,“ segir Óla Heiða sem kynnti sér starfið nánar. Í samráði við Þór var verkefnið kynnt bæjarfulltrúum. Í framhaldi af því var ákveðið að taka verkefnið til Eyja og halda kynningu fyrir 65 ára og eldri,“ segir hún.

Hugsa um heilsuna og æfa reglulega

Sérðu mun á iðkendum? „Já, allir hafa bætt styrk og þol og hreyfifærni hefur aukist mikið ásamt því að almenn líðan er betri. Við erum með reglulegar mælingar á ýmsum grunnþáttum líkamlegrar heilsu. Í þeim höfum við getað bent fólki á að fara til læknis og láta fylgjast með t.d. blóðþrýstingi og hækkanði blóðsykurs. Þátttakendur fá viðtal einu sinni á ári við sérfræðinga hjá Janusi heilsuefingu þar sem farið er yfir áhættuþætti efnaskiptavillu og fengnar leiðbeiningar um heilbrigðan lífstíl. Það er líka mikil fræðsla hjá okkur um næringu og ég sé að fólk er mun fróðara og meðvitaðara um hvað er hollt og gott fyrir líkamann.“

Í vetur byrjuðu þau þjálfun hjá Dagdvölinni Bjargi. „Tvisvar í viku kemur þjálfari frá okkur og sér um styrktarþjálfun en starfsfólkið sér um þolþjálfunina með því að fara í göngur um húsið. Við sjáum mikinn mun á fólkinu eftir fimm mánaðar þjálfun.“

Spurð um hvað hún vilji segja

við þá eldri borgara sem ekki eru enn komnir í verkefnið, segir Ólöf að hún hvetji bara alla til að hugsa vel um heilsuna og hreyfa sig reglulega a.m.k. 30 mínútur á dag. „Hafa hreyfinguna fjölbreytta, helst að stunda styrktaræfingar 2 til 3 sinnum í viku. Þegar við förum að eldast er það vinnan okkar að hugsa um heilsuna og æfa reglulega, hvort sem það er hjá Janusi heilsuefingu eða annars staðar. Við höfum tekið á móti öllum sem hafa sótt um að koma æfa með okkur.“

Þá bendir Ólöf á að ef fólk hefur áhuga á að æfa með þeim er hægt að fara inn á heimasíðuna hjá Janusi heilsuefingu eða hafa samband beint við þau sem þjálfar í Eyjum.

„Ásamt mér eru Eygló Egilsdóttir og Erlingur Richardsson með mér þessa stundina en í vetur voru Erla Rós Sigmarsdóttir og Gísli Hjartarson einnig að þjálfar með okkur,“ segir Ólöf Aðalheiður Elíasdóttir.



Halldór Sveinsson tekur á því.



Á myndinni eru þau sem voru viðstödd útskrift FÍV. **Stúdentar:** Andrés Marel Sigurðsson, Anna María Lúðvíksdóttir, Arnar Berg Arnarsson, Aron Steinar G. Thorarensen, Berta Sigursteinsdóttir, Bertha Þorsteinsdóttir, Birkir Freyr Ólafsson, Bogi Matt Harðarson, Gunnar Bjarki Sveinsson, Hafðis Björk Óskarsdóttir, Inga Dan Ingadóttir, Jón Grétar Jónasson, Katla Arnarsdóttir, Kristján Ingi Kjartansson, Magdalena Angelika Híbnar, Mikael Magnússon, Rakel Rut Friðriksdóttir, Sara Dröfn Richardsdóttir, Sigrún Gígja Sigurjónsdóttir og Tinna Mjöll Guðmundsdóttir. **Sjúkraliðabraut og stúdentspróf:** Guðný Erla Guðnadóttir og Íris Eir Jónsdóttir. **Sjúkraliðar:** Guðmunda Magnúsdóttir, Guðný Bernóðusdóttir, Heiðrún Rut Baldursdóttir, Gréta Hólmfríður Grétarsdóttir og Sandra Örvarsdóttir.

Anna María fékk flestar viðurkenningar

SAMANTEKT:
ÓMAR GARDARSSON
omar@eyjafrettir.is

Veittur var fjöldi viðurkenninga. Átta fengu barmmerki ÍBV fyrir góða ástundun í Íþróttakademíu ÍBV og FÍV. Nýútskrifaðir sjúkraliðar fengu viðurkenningu. Anna María Lúðvíksdóttir og Sigrún Gígja Sigurjónsdóttir

fengu viðurkenningu frá Danska sendiráðinu fyrir mjög góðan árangur í dönsku.

Sögufélagið veitti Kötlu Arnarsdóttur viðurkenningu fyrir mjög góðan árangur í sögu á stúdentsprófi. Drífandi stéttarfélag veittu Bertu Sigursteinsdóttur, Ingu Dan Ingadóttur, Rakel Rut Friðriksdóttur og Sigrúnu Gígju Sigurjónsdóttur viðurkenningu fyrir félagsstörf.

Skólinn veitti Önnu Maríu

Lúðvíksdóttur viðurkenningu fyrir mjög góðan árangur í spænsku og Landsbankinn mjög góðan árangur í íslensku. Bertha Þorsteinsdóttir fékk viðurkenningu frá skólanum fyrir mjög góðan árangur í listgreinum. Einnig veitti hann Sigrúnu Gígju viðurkenningu fyrir mjög góðan heildarárangur í félagsvísindagreinum á stúdentsprófi. Þá fékk Anna María viðurkenningu fyrir mjög góðan árangur í raungreinum frá Háskól-

anum í Reykjavík og Menntaverðlaun Háskóla Íslands sem veitt eru framhaldsskólanemum sem sýnt hafa framúrskarandi árangur á stúdentsprófi, með meðaleinkunn 8,75 eða hærri.

Loks veitti skólinn Önnu Maríu og Sigrúnu Gígju viðurkenningu fyrir mjög góðan heildarárangur á stúdentsprófi.

Jón Grétar Jónasson flutti kveðju fyrir hönd útskriftarnema.

Thelma Björk ≡ Yfirlit vorannar 2024:

Sýnið hversu mögnuð þið eruð

Iðnnámið í mikilli sókn ≡ Átak að fjölga í bóknámi

„Rétt um 200 nemendur voru skráðir til náms á 11 mismunandi brautum og um 80 áfangar voru kenndir. Iðn- og verkmenntaskólar á Íslandi fóru í átak haustið 2017 þar sem markmiðið var að fjölga fagmenntuðu fólki og vinna að því að fá 20% grunnskólanema til að velja iðn- og starfsnám árið 2025 og 30% árið 2030. Þetta átak tókst vel og gott betur en það,“ sagði Thelma Björk Gísladóttir, aðstoðarskólameistari þegar Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum var slitið 25. maí sl.

Rétt um 50% nemenda voru skráðir í iðn- og starfsnám og af sjöfðu og einni umsókn sem borist hafði voru rúmlega 56% umsókna í iðnnám. „Þetta er auðvitað frábærar fréttir og spennandi tímar fram undan. En það er líka ljóst að við þurfum að fara í annað átak til að fjölga nemendum í bóknámið, því bóknám er ekki síður mikilvægt fyrir samfélagið okkar,“ sagði Thelma Björk.

Hún sagði námsframboð sjaldan

hafa verið fjölbreyttara og meira spennandi og eftirspurn mikla. Langflestir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Síðasta haust var brugðist við mikilli eftirspurn eftir húsasmíðanámi. Halldór Hjörleifsson, húsasmíðameistari var ráðinn til starfa. Með hjálp nemenda var útbúið smíðaverkstæði í skólanum og sextán nemendur luku sinni fyrstu önn og stór hópur byrjar nám á sömu braut á næstu önn.

Komust í úrslit

Nemendur í nýsköpun náðu komust í úrslit í fyrirtækjasmíðju Ungra frumkvöðla. Frumkvöðlarnir eru Jón Grétar Jónasson, Kristján Ingi Kjartansson og Mikael Magnússon sem hönnuðu trommuskinn úr endurnýttu PVC plasti.

Thelma sagði unnið að bættri aðstöðu fyrir listnámið sem á síðustu árum farið ört vaxandi. „Sköpun er stór partur af skólastarfinu og erum við alltaf að sjá betur hvernig listin teygir anga sína inn

í allt nám. Núna í maí var sýning hjá myndalistahópunum okkar og verkin hvert öðru betra,“ sagði Thelma Björk og nefndi næst að niðurstöður kannana og rannsókna við skólann sem sýna að nemendum líður vel í skólanum.

„Þau eru almennt hamingjusamari en jafnaldrar þeirra, fá meiri svefn, eru virk í kennslutímum, taka ábyrgð á náminu og mæta vel í skólann. Það er alltaf ánægjulegt að fá staðfestingu á því að nemendum líður vel og finnist námið skipta máli. Við sjáum það líka og finnum á skólabragnum, gleðin er næstum áþreifanleg og nemendur kjósa mun meira en áður að vinna saman,“ sagði Thelma Björk og benti á öflugt félagslíf þessu til staðfestingar. „Þau eru svo glæsileg, góð við hvert annað, skapandi og sjálfum sér og öðrum svo góð fyrirmynd.“

Öflug íþróttakademía

Hún sagði samstarf ÍBV íþróttafélags og Golfklúbbs Vestmannaeyja

skila sér í öflugri íþróttakademíu þar sem nemendur stunda fótbolta, handbolta og golf. Það dragi fram það besta í unga fólkinu. „Við höldum þeim lengur frá freistingum og fáum aukin tækifæri til að fræða þau um mikilvægi andlegrar og líkamlegrar heilsu, náms og göfuglyndi.“

„Okkar markmið, að vera í topp fimm bestu skólum á landinu er komið langt, lengra en marga grunar. Og ég leyfi mér jafnvel að segja það, án ábyrgðar að við erum komin þangað. Fyrrum nemendur skólans keppast við að segja okkur frá hrósi sem þau fá fyrir framúrskarandi vinnubrögð, samskiptahæfni og góða þekkingu. Við vitum að töfrarnir sem verða til í þessum skóla myndast við samstarf nemenda og starfsfólks og þegar liðsheildin er góð þá gerast stórkostlegir hlutir. Þið sem hér sitjið í dag búið nú yfir þessum eiginleikum. Nýtið þá vel og sýnið heiminum hversu mögnuð þið eruð.“



Anna María Lúðvíksdóttir.



Sigrún Gígja Sigurjónsdóttir.



Elskuleg eiginkona mín, mamma okkar, tengdamamma, amma, langamma, systir og frænka



BERGÞÓRA JÓNSDÓTTIR (Lilla í Mandal)

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Vestmannaeyjum, þriðjudaginn 4. júní í faðmi fjölskyldunnar. Útför verður gerð frá Landakirkju í Vestmannaeyjum, föstudaginn 14. júní n.k. kl. 13 og verður athöfninni streymt á vef Landakirkju, landakirkja.is

Guðmundur Pálsson

Svandís Geirsdóttir Ingi Grétarsson
Jón Berg Sigurðsson Brynja G. Hjaltadóttir
Guðrún Kristín Sigurðardóttir Sigurður Þór Símonarson
Þóra Sigríður Sigurðardóttir
Jónína Jónsdóttir
Ægir Sigurjónsson Ólöf Hauksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Anna Rós ≡ Skólaslit 10. bekkjar:

Verið trú sjálfum ykkur

≡ Eltið ykkar eigin drauma ≡ Þorið að vera þið sjálf

SAMANTEKT:
ÓMAR GARDARSSON
omar@eyjafrettir.is

„Kæru nemendur, foreldrar, starfsfólk og aðrir gestir. Verið velkomin á útskrift 10. bekkjar, þetta er alltaf hátíðlegur dagur

hjá okkur og gaman að horfa yfir þennan glæsilega hóp, öll svo fin og flott. Í dag fögnum við lokum 10 ára skólagöngu þessa hóps sem hér situr hér í salnum með fjölskyldum og vinum. Að klára grunnskóla er eitt af tímamótum í lífi hvers og eins og mögulega eru þetta ein stærstu tímamótin. Það er þess vegna rík ástæða til að

fagna og gleðjast. Við erum hér saman komin til að kveðja ykkur og um leið að þakka ykkur fyrir samveruna á liðnum árum og óska ykkur alls hins besta í framtíðinni.“ sagði Anna Rós Hallgrímsdóttir þegar hún sleit Grunnskóla Vestmannaeyja (GRV) í síðstu viku.

„Útskriftarhópurinn að þessu sinni telur 61 nemanda úr þessum skemmtilega og fjöruga árgangi 2008. Ég segi fjöruga af því að það tók okkur alveg nokkur ár að skóla ykkur aðeins til. Þið komuð inn í skólann með krafti og létuð vel vita af ykkur fyrstu árin. En það hefur verið einstaklega gaman að fylgjast með ykkur þroskast og dafna og við lítum stolt yfir hópinn þegar við sjáum hvaða kosti þið hafið að bera í dag. Og það er í raun dásamlegt að sjá ykkur öll hérna núna svona stillt, prúð og glæsileg.

Fólk framtíðarinnar

Þið hafið þroskast mikið sem einstaklingar og eigið það sameiginlegt að vera: einstök, skemmtileg, kröftug, vinnusöm, hugmyndarík og góðar manneskjur. Innan hópsins er mikill fjölbreytileiki, á meðal ykkar má finna öflugt íþróttafólk, listafólk, spekinga, nemendur sem hafa staðið sig vel í námi og svo mætti

lengi telja, hér er ungt fólk sem ég er viss um að við eigum eftir að sjá mikið af í framtíðinni.“

„Við erum stolt af þessum hóp sem hér stóð uppi áðan og tók við viðurkenningum fyrir ýmis afrek og við erum auðvitað einnig stolt af ykkur hinum sem einnig hafið lagt ykkur fram í vetur og skilað eins góðu verki og ykkur var mögulegt.“ sagði Anna Rós eftir að viðurkenningar voru afhentar en nú var komið að kveðjustund. „Stund sem mörg ykkar hafa eflaust beðið eftir mjög lengi. Innan hópsins er sem áður sagði mikill fjölbreytileiki sem kom svo skýrt fram í lokaverkefnunum ykkar, gaman að sjá hvað áhugasvið og áhugamál ykkar eru fjölbreytt og áhugaverð.“

Símalaus skóli

„Þið eruð öflugur hópur sem gerir kröfur á aðra og ekki síst á ykkur sjálf, þið sitjið ekki á skoðunum ykkar, eruð óhrædd við að ræða málin og látið taka eftir ykkur, þess vegna er ég handviss um að þið eigið eftir að standa ykkur vel í því sem þið takið ykkur fyrir hendur í framtíðinni. Það hefur verið okkar hlutverk í GRV, í samvinnu við heimilin, að undirbúa ykkur undir líf og starf í sífbreytilegu þjóðfélagi. Nú er komið að því að láta reyna á hvernig



10. EV, kennari Erna Valtýsdóttir - Agnes Lilja Styrismisdóttir, Annika Sævarsdóttir, Bjartur Leó Hlynsson, Eygló Rós Sverrisdóttir, Gunnar Páll Elvarsson, Hreggviður Jens Magnússon, Ingi Þór Lúðvíksson, Jakub Rachwal, Kári Snær Hlynsson, Kristinn Freyr Sæþórsson, Elísabet Rut Jóhannsson, Kristján Ægir Eyþórsson, Magnea Evey Ómarsdóttir, Roberto Figliuzzi, Stefán Geir Gíslason, Sæþór Ingi Sæmundarson, Tinna Mjöll Frostadóttir, Tómas Arnar Gíslason, Valur Hugason Andersen og Veronika Yakovlyeva.



10. BP, kennari Berglind Þórðardóttir - Alanys Alvarez Medina, Anna Linda Eiríksdóttir Smith, Armandas Varnas, Arnar Gauti Eiríksson, Aron Daði Pétursson, Auðunn Snær G. Thorarensen, Elísabet Rut Jóhannsdóttir, Gretar Ingi Helgason, Guðbjörg Silla Viðarsdóttir, Guðmundur Huginn Guðmundsson, Heiðmar Þór Magnússon, Ingi Gunnar Gylfason, Laura Barbara Wanecka, Lilja Sigurðardóttir, Magdalena Jónasdóttir, Maksymilian Antoni Bulga, Natalia Iwona Ryta, Núi Bjarnason og Sigurður Valur Sigursveinsson. Á myndina vantar Hákon Örn Hallgrímsson.



10. HE, kennari Hjalti Enok Pálsson - Agnes Eva Hjaltadóttir, Anton Frans Sigurðsson, Ágústa Hugadóttir Andersen, Ástþór Hafðisarson, Birgir Rúnar Júlíuson, Birna Dögg Egilsdóttir, Daniel Þór Eduardo Magnason, Dominik Cybulski, Gabriel Þór Harðarson, Gréta Hólmfríður Hilmarsdóttir, Guðný Rún Gísladóttir, Hermann Ingi Ágústsson, Jóhanna Björk Víkingsdóttir, Jónathan Þróstur Guðjónsson, Klara Káradóttir, Morgan Goði Garner, Oliwia Matyszczczyk, Thelma Sól Bjarnadóttir og Unnur Björk Sveinsdóttir. Á myndina vantar: Freyju Rún Ísaksdóttur og Elena Mitterhuber.

Rausnarleg gjöf Krabbavarnar

Krabbavörn Vestmannaeyja afhenti nýverið rausnarlega gjöf til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands í Vestmannaeyjum. Félagið hefur undanfarnar vikur unnið að endurbótum á dagdeild lyfjagjafar á stofnuninni.

Gjöf félagsins telur tvo lyfjagjafastóla með eftirfarandi aukahlutum; Lamp, IV pole Patient table og USB port ásamt lyfjadælum. Rafmagnsskrifborð, skrifborðstól, móttöku-stól, fjögur teppi/yfirbreiðslur, tvö hitateppi fyrir axlir, tvo fótaverma, tvö sjónvörp ásamt tveimur þráðlausum heyrnatólum, gardínur, veggfestur armur útdraganlegur, veggfest hvítt tjald, ljósmynd eftir Óskar Pétur Friðriksson og listaverkið "Það er von" eftir Helgu Jónsdóttur.

Fram kom í tilkynningu frá stjórn Krabbavarnar félagið hafi staðið fyrir ýmiskonar fjáröflunum á meðal einstaklinga og fyrirtækja í Vestmannaeyjum ásamt ýmsum uppákomum og safnað fé til kaupa á þeim munum sem hér eru upptaldir.

„Það er ósk Krabbavarnar að aðstaðan veiti bæði því fólki sem þarf að nýta sér lyfjagjafaherbergið sem og því starfsfólki sem við það starfar notalegan tíma í erfiðum aðstæðum.“

Starfsemi dagdeildarinnar er alltaf að aukast

Það var Gyða Arnórsdóttir, deildarstjóri á sjúkra- og göngu-deild HSU sem veitti gjöfnni viðtöku. Gyða sagði í samtali við Eyjar.net í mars sl. þegar



Gyða tekur við gjöfnni úr höndum Sigurbjargar Kristínar Óskarsdóttur, formanni Krabbavarnar í Vestmannaeyjum.



Stóllinn mátaður.

framkvæmdir stóðu yfir að mikil ánægja sé með breytingarnar. „Starfsemi dagdeildarinnar er alltaf að aukast og hin ýmsu lyf blönduð og gefin fyrir stóran og mismunandi hóp skjólstæðinga

sem nýtur og mun njóta þessara breytinga og þæginda. Fyrir hönd deildarinnar vil ég koma á framfæri innilegu þakklæti til Krabbavarnar í Vestmannaeyjum fyrir þessa höfðinglegu gjöf.“

sá undirbúningur nýtist ykkur krakkar. Þið eruð prófsteinninn á hvernig okkur tókst til. Þið sýnduð það svo sannarlega síðustu daga að við höfum gefið ykkur gott veganesti.“

Ekki gekk skólagangan þrautalaust og setti heimsfaldur strik í reikninginn.

„Þið þurftuð að aðlaga ykkur að nýjum áskorunum, fóruð í gegnum fjarkennslu og heima-kennslu og tókuð þátt í ýmsum útgáfum af skólahaldi, með mismunandi takmörkunum á hverjum tíma. Þið fenguð svo að prófa það síðasta árið ykkar að vera í símalausum skóla og ég verð að segja að þið tókuð því einstaklega vel og voruð öðrum nemendum fyrirmyndir í þeim efnum.“

Skóli og nemendur á tímamótum

Anna Rós sagði nú væri nemenda á ákveða framhaldið. „Mörg ykkar hafa kannski nú þegar ákveðið hver næstu skref eru. Flestir hafa eflaust ákveðið að halda áfram í skóla og þá búnir að ákveða í hvaða skóla þeir ætla en aðrir eru óákveðnir. Það skiptir ekki endilega máli hvaða skóla þið veljið að fara í, heldur er þetta í ykkar höndum, hvar hæfileikar ykkar og áhugasvið liggjá og hvað maður er tilbúinn að leggja á sig til að ná settu markmiði. Það er nefnilega mikilvægt að muna það kærnu nemendur að það eru þið sem berið ábyrgð á ykkar eigin velferð, engin annar. Þið þurfið að reka ykkur á og gera ykkar mistök og læra að leiðrétta þau sjálf. Það er líka í góðu lagi að vera mannlegur og vita kannski ekki hvað maður vill í lífinu en mikilvægast er að hlusta á hjartað, innsæið því ef maður gerir það er maður í betra jafnvægi til að taka réttari ákvarðanir. Mín skilaboð til ykkar eru umfram allt verið trú sjálfum ykkur, eltið ykkar eigin drauma og þorið að vera þið sjálf.“ sagði Anna Rós sem útskrifaði 10. bekk í síðasta sinn, í bili að minnsta kosti.

Næsta skólaár skiptist GRV í tvennt, 6. til 10. bekkur verður í Barnskólanum sem Einar Gunnarsson stýrir. Yngri nemendur verða í Hamarsskóla þar sem Anna Rós verður við stjórnvölinn.



SASS, Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi hélt aukaðalfund í Vestmannaeyjum í síðustu viku. Kjörgengir voru 70 en milli 80 til 85 sóttu fundinn sem var vel heppnaður. Stærstu málín voru kosning formanns og varaformanns. Formaður er Anton Kári Halldórsson sveitarstjóri Rangárþingi Ytra og varaformaður er Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir bæjarfulltrúi Hveragerði. Myndina tók Óskar Pétur af fundarmönnum.

Umdeilanleg örlög vörumerkisins Icelandic

ATLI RÚNAR HALLDÓRSSON
atli@sysl.is

Hólmasker ehf. í Hafnarfirði, dótturfélag Vinnslustöðvarinnar, selur handflakaða ýsu í stórum stíl á austurströnd Bandaríkjanna. Ýsan er að stórum hluta veidd af VSV-skipum.

Kaupandi ferskra og frýstra ýsufلاكanna vestra er kanadíska matvælafyrirtækið High Liner Foods, stærsti seljandi tilbúinna, frosinna sjávarréttla til stórmarkaða og þjónustufyrirtækja í veitingarekstri í Bandaríkjunum.

Þessi viðskiptatengsl sköpuðust í samskiptum High Liner Foods og hjónanna Alberts Erlusonar, framkvæmdastjóra Hólmaskers, og Jóhönnu Steinunnar Snorradóttur í fiskvinnslustarfsemi þeirra mörgum áður en leiðir þeirra og Vinnslustöðvarinnar lágu saman og Hólmasker var stofnað, félag sem Vinnslustöðin á 75% hlut í en þau hjón 25%.

High Liner Foods selur ýsuflokinn frá Hólmaskeri/Vinnslustöðinni undir vörumerkinu Icelandic, merki sem bandarískir neytendur og Íslendingar tengdir sjávarútvegi og útflutningi íslenskra sjávarafurða þekktu forðum daga sem gæðastimpil á vörur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna – SH og Coldwater Seafood Corporation á bandarískum markaði.

Áhugaverð staðreynd er að Hólmasker hefur sem seljandi fiskafurðanna ekkert með vörumerkið Icelandic að gera heldur Íslandsstofa sem ráðstafar merkinu til leigu, í umboði íslenska ríkisins.

High Liner Foods er hér í hlutverki leigjanda merkisins og borgar fyrir það sérstöku félagi sem stofnað var til að sýsla með Icelandic-vörumerki SH og Coldwater.

Tilfni þessara skrifa er að ríffa upp sögulegar krókaletir Icelandic-merkisins frá upphafi til okkar daga. Íslenskir fiskframleiðendur höfðu sitthvað að athuga við ákvarðanir sem teknar voru á þeirri leið.

Og víst er það sérkennilegt, einmitt í sögulegu ljósi, að Icelandic-vörumerkið, sjálft tákn einkaframtaks og frumkvöðla-starfsemi í viðskiptum með sjávarfang, hafi endað í opinberri, íslenskri ríkisumsjón!

SH & Coldwater = Icelandic
Saga Icelandic-vörumerkisins hófst með stofnun Sölumiðstöðvar

ar hraðfrystihúsanna 1942 og fyrsta dótturfélags SH erlendis, Coldwater Seafood Corporation í Bandaríkjunum 1945. Ólafur Hannibalsson og Jón Hjaltason skráðu sögu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og eigna Jóni Gunnarssyni, verkfræðingi, frumkvöðli að stofnun Coldwater og fyrsta forstjóra fyrirtækisins, heiðurinn af markaðsstarfi Coldwater og auðkenni framleiðslunnar, vörumerkinu Icelandic. Merkið vann sér traustan sess meðal neytenda í Norður-Ameríku sem gæðastimpill sjávarafurða.

Svo liðu ár og áratugir með ýmsum sveiflun og hræringum í viðskiptalífi. Árið 2005 var nafni Sölumiðstöðvarinnar breytt í Icelandic Group hf., móðurfélag með 23 dótturfélög og yfir 3.100 starfsmenn. Reksturinn gekk brösuglega og sumarið 2008 var félagið afskráð í Kauphöll Íslands. Síðar á árinu 2008 var ljóst að

unum voru seldar. Tíðindin um sölu vörumerkisins reyndust hins vegar á misskilningi byggð. Icelandic Group var áfram eigandi merkjanna Icelandic og Icelandic Seafood en High Liner Foods samdi um að fá að nota Icelandic í markaðsstarfsemi sinni næstu sjö árin eða til 2018.

Vörumerkjafélag stofnað um Icelandic

Árið 2016 var eignarhald á vörumerkjum Icelandic Group fært í sérstakt félag, Icelandic Trademark Holding – ITH, sem annast skyldi þjónustu og eftirlit með merkjunum og fá tekjur af nytjaleyfissamningum þeirra. Samið var við High Liner Foods um áframhaldandi notkun Icelandic-merkisins í Norður-Ameríku og hliðstæður samningur gerður á Spáni við þá sem keyptu einingu Icelandic Group þar.

Tilkynnt var á árinu 2018 að

„Rangur farvegur“ valinn fyrir Icelandic

Skiptar skoðanir voru meðal íslenskra fiskframleiðenda um þann farveg sem Framtakssjóður Íslands setti vörumerkjamála Icelandic Group í á sínum tíma. Af ákvörðun sjóðsins leiðir að kanadískt fyrirtæki hefur rétt til að nota Icelandic í markaðsstarfi sínu í Norður-Ameríku en ekki íslenskir framleiðendur hræfnisins um ræðir.

Spjótum er samt ekki beint að High Liner Foods í því sambandi. Þeir sem þekkja til kanadíska fyrirtækisins segja að Framtakssjóðurinn hafi verið heppinn með kaupanda að verksmiðjunum sem Sölumiðstöðin og Coldwater byggðu upp og ráku myndarlega á sínum tíma.

Gagnrýnisráddir voru hins vegar efnislega á þá leið að íslenskir framleiðendur sjávarafurða hafi tryggt Icelandic-vörumerkinu traust og álit á Bandaríkjamarkaði á sínum tíma og eðlilegt að framleiðendur íslenskra sjávarafurða á markaði þar vestra hefðu áfram haft mest um merkið og notkun þess að segja. Þeim sjónarmiðum var komið skýrt á framfæri við stjórnendur Framtakssjóðsins en þeir virtu þau að vettugi.

Einn viðmælandi orðaði það svo: „Sjálfur botna ég ekkert í þeirri hugsun ráðamanna Framtakssjóðsins að „gefa íslensku þjóðinni“ áratuga gamalt vörumerki fyrir íslenskan fisk í Bandaríkjunum!

Viss er ég um að Bandaríkjamönnum þætti í meira lagi furðulegt ef þau undur og stórmerki gerðust að þeim yrðu sem þjóð gefin vörumerki á borð við Coca Cola og Pepsi Cola.

Ég ímynda mér að stofnendur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Coldwater Seafood Corporation væru að sama skapi furðu lostnir yfir örlögum Icelandic-vörumerkisins mættu þeir mæla núna.

Eðlilegt væri að íslenskir fiskframleiðendur ráðstöfuðu vörumerkinu í ljósi sögu þess.“

Skriflegar heimildir:

- Framtak við endurreisn, starf Framkvæmdasjóðs Íslands á árunum 2009-2018. Ásgeir Jónsson og Alexander Freyr Einarsson, 2018.
- Með spriklið í sporðinum, saga SH 1942-1996. Ólafur Hannibalsson og Jón Hjaltason, 1997.
- Morgunblaðið/mbl.is, 8. janúar, 2011 og 13. mars 2018
- Vefurinn icelandic.com
- Viðskiptablaðið 2. júlí 2020 og 22. janúar 2021
- visiris 14. mars 2018



reksturinn stefndi í þrot, að því er fram kemur samantekt um starf Framtakssjóðs Íslands 2009-2018 sem Ásgeir Jónsson og Alexander Freyr Einarsson skráðu.

High Liner Foods keyptu eignir og leigðu nýtingarrétt merkis

Stofnendur Framtakssjóðs Íslands voru 16 lífeyrissjóðir með það að yfirlýstu markmiði að fjárfesta í íslensku atvinnulífi og taka þannig þátt í að rétta við fyrirtæki og endurreisa atvinnulíf í kjölfar bankahrunsins.

Framtakssjóðurinn keypti 81% hlut í Icelandic Group í nóvember 2010 og seldi svo High Liner Foods langstærstu einingu félagsins, starfseminu í Bandaríkjunum, í desember 2011. Viðskiptin voru upp á 208 milljónir dala eða jafnvirði um 25,5 milljarða íslenskra króna á þáverandi gengi.

Framtakssjóðurinn setti hvassri gagnrýni úr röðum íslenskra framleiðenda og útflutjenda sjávarafurða fyrir að ætla að láta vörumerkið fylgja með þegar verksmiðjur SH í Bandarík-

Framtakssjóður Íslands yrði lagður niður og þá var félagið Iceland Trademark Holding eina óselda eign sjóðsins. Samþykkt var á aðalfundi sjóðsins að færa ríkinu vörumerkjafélagið endurgjaldslaut, „gefa íslenskri þjóð Icelandic-vörumerkið“ eins og það var orðað.

Stjórnvöld fólu síðan Íslandsstofu að fara með umsjón vörumerkjanna Icelandic og Icelandic Seafood frá miðju ári 2020 að telja. Það er sú höfn sem merkjunum var siglt í að lokum.

Samningar eru sem sagt í um notkun vörumerkisins fyrir íslenskar sjávarafurðir á vegum High Liner Foods í Norður-Ameríku og á vegum Iceland Seafood International í Evrópu. Þá var gengið frá samningum við íslensk dótturfélög Brims í Asíu um að nota Icelandic við sölu og markaðssetningu sjávarafurða úr íslensku hráefni og samið um að seljandi fiskolía úr íslensku hráefni megi nota Icelandic-merkið á Bandaríkjamarkaði.

Rauðátan ≡ Rannsóknarleiðangur lofar góðu:

Gæti orðið ein stoðin í kröftugu atvinnulífi Eyjanna

ÓMAR GARDARSSON
omar@eyjafrettir.is

„Þarna erum við að sjá drauminn rætast eftir fjögurra ára þrotlausa vinnu. Auðvitað fylgdi því stress áður en við lögðum af stað, en árangur túrsins var langt umfram væntingar,“ segir Hörður Baldvinsson, framkvæmdastjóri Þekkingarseturs Vestmannaeyja um rauðátuleiðangur á rannsóknarskipinu Árna Friðrikssyni HF 30 í maí sl. „Hann stóð í 3 daga og við höfum sýnt fram á að rauðátan er veiðanleg með nánast engum meðafla. Það er því hægt að mínu mati að veiða og nýta rauðátu sem er að finna í miklum mæli við Suðurströndina á sumrin og ekki síst við Vestmannaeyjar sem gætu orðið miðstöð veiða og vinnslu á rauðátu.“

Hugmyndina á sínum tíma fékk Hörður þegar honum var sagt að lundinn missi litina á skrautlegum goggi fái hann ekki karantíne efnin sem eru meðal annars í rauðátu. „Þeir voru förlir á kinn, lundarnir sem fósturðir voru hjá Sealife Trust. Lundar sem komu fullorðnir inn á safnið misstu smá saman lit á fótum og goggi, því enga fengu þeir rauðátuna. Fór ég að kanna þetta nánar og hingað erum við kominn. Niðurstaða okkar úr leiðangrinum er sú að tiltölulega auðvelt sé að veiða um 20 til 30 tonn á sólarhring.

Þær tölur miðast við tvö troll og skip með réttum veiðibúnaði og heppilega vinnslu um borð. Árni Friðriksson er kominn til ára sinna og aðeins hægt að toga með



Hörður: Hér er allt til staðar, þekking, skip og aðstaða í landi.

einu trolli. Við tókum fimm hol í þessum leiðangri á mismunandi stöðum við Suðurströndina. Fyrst í klukkutíma og fengum 350 kíló. Færðum okkur um set og toguðum í þrjá tíma og í síðasta holinu toguðum við í fjóra tíma. Sprengdum trollið en heildaraflinn var 1,5 tonn af hreinni rauðátu.“

Allt í kringum Eyjar


Rauðáta er allt í kringum Eyjar og köstuðu þeir í um klukkutíma siglingu frá Eyjum. „Síðustu tvö ár höfum við tekið sýni við Suðurströndina og völdum togslóð m.a. byggða á þeim niðurstöðum. Notuðum þrennskonar gögn, upplýsingar frá gervihnetti um hvar helst er að finna rauðátu, hátíðni bergmálmæli sem dreginn er með trollinu, þann eina sinnar tegundar á Íslandi. Loks sérhannaða háfa sem strákarnir í

Hampiðjunni útbjuggu fyrir okkur í fyrra. Þeir taka sýni á mismunandi dýpi,“ sagði Hörður.

Með því að keyra þessi gögn saman fékkst heildarmynd af því hvar rauðátan er þéttust. „Þar trolluðum og var léttirinn mikill þegar fengum 350 kíló í fyrsta toginu og enginn meðaflí. Mikið undir því það er ekki lítið dæmi að leigja heilt rannsóknaskip með tólf um borð, áhöfn og vísindamenn.“

Miklir möguleikar

Hörður segir það vissulega mikinn létti að sjá drauminn verða að veruleika. „Aflinn var frystur hjá Ísfélaginu sem ásamt Vinnslustöð og fleirum hafa komið að þessu með okkur. Norðmenn hafa reynst okkur vel og notuðum við veiðarfæri frá þeim sem við leigjum í sumar. Rannís og Lóu-



Hörður rýnir í dýptarmæla á toginu.

sjóður ásamt Uppbyggingarsjóði Suðurlands veittu okkur styrki sem hefur hjálpað okkur mikið. Þetta er gríðarlegt tækifæri fyrir Vestmannaeyjar.

Aflinn í leiðangrinum verður nýttur í áframhaldandi rannsóknir en afurðir úr rauðátu geta verið afar verðmætar. Nýttist í fæðubótaefni og lyf sem er lokatakmarkið. Rannsóknir taka tíma en við erum að tala um háar upphæðir. Hafa verður í huga að það tekur langan tíma að þróa heppilegar veiðiaðferðir, þróa vinnslu sem er stöðug og afurðir sem standast ítrustu kröfur sem markaðurinn setur. Hér er um langhlaup að ræða og ekki ólíklegt að þróun vinnslu og afurða taki 10 til 15 ár. Magnið þarf ekki að vera mikið til að skapa hér gríðarleg verðmæti og hátæknistörf hér í Vestmannaeyjum til framtíðar,“ segir Hörður.

Hann segir mikla vinnu að baki en ÞSV er ekki hætt. „Það er ekki gefið að fá rannsóknaleyfi sem er 1000 tonn á ári í fimm ár eins og við erum með. Við förum aftur út á Árna 18. júní og verðum í fjóra daga. Eins öfugsnúið og það er ætluð við reyna fyrir okkur á svæðum þar sem eru meiri líkur á meðafla til að ákveða hvar má toga í framtíðinni og á hvaða tímum og hvar ekki.

Kvótinn í Noregi er 274.000 tonn á ári en þeir veiða ekki nema á milli 1000 tonn á ári upp í 1500. Það kæmi mér ekki á óvart að hér á landi yrði kvótasetningin veruleg þó veiðin yrði lítil til að byrja með. Af nógu er að taka því áætlað er að 13 milljón tonn af rauðátu séu við landið á hverju sumri og í miklum mæli við Vestmannaeyjar. Hér er allt til staðar, þekking, skip og aðstaða í landi. Gullið tækifæri til að skjóta enn einni stoðinni undir kröftugt og fjölbreytt atvinnulíf í Vestmannaeyjum,“ sagði Hörður að endingu.



Rauðátan var fryst í Ísfélaginu.



Árni Friðriksson klár í leiðangurinn og hlerar merktir Setrinu, Rannís og Sóknaráætlun Suðurlands.

EYJAR.NET
og

**EYJAFRÉTTIR
STERKARI
SAMAN**

**ERTU EKKI
ÖRUGGLEGA
Í ÁSKRIFT?**

EYJAFRÉTTIR

- hluti af samfélaginu síðan 1974